



Reglur Fjarðabyggðarhafna um styrki til viðhalds og endurgerðar gamalla bryggja

Markmið og tilgangur styrkveitingar

1. gr.

Markmið og tilgangur regla um viðhald og endurgerð gamalla bryggja er að stuðla að góðu ástandi og öryggi gamalla bryggja í Fjarðabyggð, ásamt því að viðhalda góðri ásýnd og umhverfi hafnanna.

Skilyrði fyrir styrkveitingu

2. gr.

Umsækjendur þurfa að vera skráðir eigendur þeirrar bryggju sem sótt er um styrk til viðhalds og endurgerðar á og skilyrði er að í það minnsta fimm ár hafi liðið síðan styrkurinn var síðast veittur til eigenda bryggjunnar. Leggja skal fram verkáætlun um þær framkvæmdir/lagfæringar sem framkvæmdar verða á bryggjunni.

Form umsóknar

3. gr.

Umsókn um styrk vegna viðhalds og endurgerð gamalla bryggja skal skilað til hafnarstjóra Fjarðabyggðarhafna. Í umsókn skal koma fram hver er eigandi bryggjunnar, hvað verður framkvæmt, hver mun framkvæma verkið og á hvaða tíma.

Greiðsla styrks

4. gr.

Styrkupp hæð getur numið allt að 50% af kostnaði við viðhaldi og endurgerð bryggjunnar skv. framlögðum reikningum, en að hámarki 750.000 kr. miðað við byggingarvísitölu sem er 146,4 í desember 2019. Greiðsla verður innt af hendi innan tveggja vikna frá því að reikningar hafa verið lagðir fram.

Fjarðabyggð 16. desember 2019


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í hafnarstjórn 25. nóvember 2019
Samþykkt í bæjarráði 2. desember 2019
Samþykkt í bæjarstjórn 12. desember 2019